

**FRAMKVÆMDARÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2019/1280****2023/EES/63/05****frá 29. júlí 2019****um viðurkenningu á að laga- og eftirlitsrammi Mexíkó jafngildi kröfunum í reglugerð
Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 um lánsþæfismatsfyrirtæki (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 frá 16. september 2009 um lánsþæfismatsfyrirtæki (1),
einkum 6. mgr. 5. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Með 6. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1060/2009 er framkvæmdastjórninni veitt vald til að samþykkja jafngildisákvörðun ef laga- og eftirlitsrammi þriðja lands tryggir að lánsþæfismatsfyrirtæki sem hafa starfsleyfi eða eru skráð í því þriðja landi fari að lagalega bindandi kröfum sem settar eru fram í þeirri reglugerð og sem falla undir skilvirkt eftirlit og framfylgd í því þriðja landi.
- 2) Tilgangurinn með slíkri jafngildisákvörðun er að gera það kleift fyrir lánsþæfismatsfyrirtæki frá Mexíkó, að því marki sem þau eru ekki kerfislega mikilvæg fyrir fjármálastöðugleika eða heilleika fjármálamarkaða í einu eða fleiri aðildarríkjum, að sækja um vottun hjá Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni. Þessi jafngildisákvörðun býður upp á þann möguleika fyrir Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina að meta þessi lánsþæfismatsfyrirtæki í hverju tilviki fyrir sig og til að veita undanþágu frá sumum af þeim skipulagskröfum sem gerðar eru til lánsþæfismatsfyrirtækja sem starfa í Evrópusambandinu, þ.m.t. frá kröfunni um raunaðstöðu í Evrópusambandinu.
- 3) Til að teljast jafngildur þarf laga- og eftirlitsrammi þriðja lands að uppfylla að lágmarki skilyrðin þrjú sem sett eru fram í 6. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1060/2009.
- 4) Þann 28. apríl 2014 samþykkti framkvæmdastjórnin framkvæmdarákvörðun 2014/247/ESB (2) þar sem fram kemur að þessi þrjú skilyrði séu uppfyllt og talið sé að laga- og eftirlitsrammi Mexíkó um lánsþæfismatsfyrirtæki jafngildi kröfunum í reglugerð (EB) nr. 1060/2009 sem var í gildi á þeim tíma.
- 5) Samkvæmt fyrsta skilyrðinu sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1060/2009 þurfa lánsþæfismatsfyrirtæki í þriðja landi að hafa starfsleyfi eða vera skráð og lúta skilvirku eftirliti og framfylgd á viðvarandi grundvelli. Samkvæmt ramma Mexíkó er þess krafist að lánsþæfismatsfyrirtæki hafi starfsleyfi og lúti eftirliti Mexíkóska banka- og verðbréfaeftirlitsins (Comisión Nacional Bancaria y de Valores, CNBV) til að starfrækja og veita lánsþæfismatsþjónustu. Mexíkóska banka- og verðbréfaeftirlitið hefur vald til að rannsaka allar aðgerðir eða málefni sem gætu falið í sér brot á lögnum. Mexíkóska banka- og verðbréfaeftirlitið hefur vald til að krefjast allra upplýsinga og gagna, framkvæma vettvangsskoðanir og kalla fyrir eftirlitið hvern þann aðila sem gæti lagt til rannsóknarinnar. Unnt er að banna til frambúðar eða tímabundið starfsemi lánsþæfismatsfyrirtækja, fella tímabundið úr gildi eða afturkalla leyfi þeirra. Mexíkóska banka- og verðbréfaeftirlitið hefur vald til að beita stjórnáráðgjafi, Mexíkóska banka- og verðbréfaeftirlitið hefur tekið upp árlega endurskoðun á reglufylgni lánsþæfismatsfyrirtækja sem hafa starfsleyfi og, ef þörf krefur, beitt viðurlögum. Í samstarfssamningi Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar og Mexíkóska banka- og verðbréfaeftirlitsins er kveðið á um upplýsingaskipti að því er varðar framfylgdar- og eftirlitsráðstafanir gegn lánsþæfismatsfyrirtækjum sem starfa þvert á landamæri.
- 6) Samkvæmt öðru skilyrðinu sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1060/2009 skulu lánsþæfismatsfyrirtæki í þriðja landi falla undir lagalega bindandi reglur sem eru jafngildar þeim sem settar eru fram í 6. til 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 1060/2009 og I. viðauka við þá reglugerð. Laga- og eftirlitsrammi Mexíkó að því er varðar stjórnarhætti fyrirtækja krefst þess að lánsþæfismatsfyrirtæki hafi stjórn skipaða að hámarki 21 stjórnarmanni og þar af skulu a.m.k. 25% þeirra uppfylla kröfur um óháði. Óháðu stjórnarmennirnir skulu m.a. vera hæfir til að þróa lánsþæfismatsstefnu og -aðferðafræði, skilvirkni innri eftirlitskerfa og eftirlit með reglufylgni og fyrirkomulagi stjórnarháttanna. Greina skal hagsmunaárekstra og eyða þeim og, ef við á, skal upplýsa regluvörðinn um alla mögulega hagsmunaárekstra sem gætu haft áhrif á mat. Ef lánsþæfismatsfyrirtæki greinir hagsmunaárekstra sem gætu haft áhrif á mat þess skal það ekki veita þjónustu sína. Laga- og eftirlitsrammi Mexíkó inniheldur ítarlegar skipulagskröfur um

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 201, 30.7.2019, bls. 30. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 310/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópu-sambandsins* nr. 14, 5.3.2020, bls. 69.

(1) Stjttíð. ESB L 302, 17.11.2009, bls. 1.

(2) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/247/ESB frá 28. apríl 2014 um viðurkenningu á að laga- og eftirlitsrammi Mexíkó jafngildi kröfunum í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 um lánsþæfismatsfyrirtæki (Stjttíð. ESB L 132, 3.5.2014, bls. 71).

skráhald og trúnaðarkvöð og kveður á um að lánshæfismatsfyrirtækin beri áfram fulla ábyrgð á útvistaðri starfsemi. Einingar sem veita lánshæfismatsfyrirtækjum útvistunarþjónustu falla einnig undir eftirlit Mexíkóska banka- og verðbréfaeftirlitsins. Þess er krafist að lánshæfismatsfyrirtæki komi á formlegri endurskoðunareiningu til að endurskoða aðferðafræði við mat og matslíkön og mexíkóski ramminn inniheldur ýmsar birtingarkröfur að því er varðar lánshæfismats- og matsstarfsemi. Laga- og eftirlitsrammi Mexíkó telst jafngilda reglugerð (EB) nr. 1060/2009 varðandi stýringu hagsmunaárekstra, skipulagskröfur, gæði matsins og aðferð við mat, birtingu lánshæfismats og almenna og reglulega birtingu upplýsinga um lánshæfismatsstarfsemi. Því veitir ramminn jafngilda vernd með tilliti til heilleika, gagnsæis, góðra stjórnunarháttá lánshæfismatsfyrirtækja og áreiðanleika lánshæfismatsstarfsemi.

- 7) Samkvæmt þriðja skilyrðinu, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1060/2009, verður reglugerfi í þriðja landi að koma í veg fyrir afskipti eftirlitsyfirvalda og annarra opinberra yfirvalda þess þriðja lands af efnisinntaki lánshæfismats og aðferðum. Í stjórnarskrá Mexíkó er tekið fram að stjórnvöld megi aðeins bregðast við ef þau hafa skýrt vald eða valdheimildir samkvæmt gildandi lögum. Það eru engin lagaákvæði sem veita Mexíkóska banka- og verðbréfaeftirlitinu eða neinu öðru opinberu yfirvaldi vald til að hafa áhrif á innihald lánshæfismats eða aðferðafræði þeirra.
- 8) Laga- og eftirlitsrammi Mexíkó uppfyllir ennþá skilyrðin þrjú sem upphaflega var mælt fyrir um í 6. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1060/2009. Með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 462/2013⁽³⁾ voru þó gerðar viðbótarkröfur til lánshæfismatsfyrirtækja sem skráð eru í Sambandinu sem gerir laga- og eftirlitsfyrirkomulag um þessi lánshæfismatsfyrirtæki strangara. Þessar viðbótarkröfur hafa m.a. að geyma lagalega bindandi reglur fyrir lánshæfismatsfyrirtæki um matshorfur, stýringu hagsmunaárekstra, trúnaðarkvöð, gæði aðferðafræði fyrir lánshæfismat og framsetningu og birtingu lánshæfismata.
- 9) Samkvæmt b-lið 1. liðar annarrar málsgreinar 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 462/2013 gilda viðbótarkröfurnar í þeim tilgangi að meta jafngildi laga- og eftirlitsramma þriðja lands frá 1. júní 2018.
- 10) Í ljósi þessa óskaði framkvæmdastjórnin þann 13. júlí 2017 eftir ráðgjöf frá Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um jafngildi laga- og eftirlitsramma m.a. Mexíkó með þessum viðbótarkröfum sem innleiddar voru með reglugerð (ESB) nr. 462/2013 og álitni hennar á verulegu mikilvægi hvers konar munar.
- 11) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin gaf í tækniráðgjöf sinni þann 17. nóvember 2017 til kynna að laga- og eftirlitsrammi Mexíkó að því er varðar lánshæfismatsfyrirtæki innihaldi fullnægjandi ákvæði til að uppfylla viðbótarkröfur sem settar eru fram í reglugerð (ESB) nr. 462/2013.
- 12) Með reglugerð ráðsins (ESB) nr. 462/2013 er innleidd skilgreining á matshorfum í w-lið 1. mgr. 3. gr. og í reglugerð (EB) nr. 1060/2009 eru tiltekna kröfur sem gilda um lánshæfismöt nú rýmkaðar til að ná yfir matshorfur. Í laga- og eftirlitsramma Mexíkó viðurkennir ekki sérstaklega matshorfur sem sérstakan lið sem er aðskilinn frá lánshæfismati, en ef lánshæfismatsfyrirtæki setja fram matshorfur væntir Mexíkóska banka- og verðbréfaeftirlitið þess að þau uppfylli sömu kröfur um gagnsæi, óhæði og upplýsingagjöf og eiga við lánshæfismöt. Þar að auki fylgist Mexíkóska banka- og verðbréfaeftirlitið með því hversu viðeigandi matshorfur eru í tengslum við lánshæfismatið sem tengjast þeim.
- 13) Með það fyrir augum að auka skilning á óhæði lánshæfismatsfyrirtækja gagnvart metnu einingunum rýmkar reglugerð (ESB) nr. 462/2013 gildissvið reglnanna um hagsmunaárekstra í 6. gr. (4. mgr.), 6. gr. a og 6. gr. b í reglugerð (EB) nr. 1060/2006 svo þær nái til hagsmunaárekstra af völdum hluthafa eða aðila sem gegna mikilvægri stöðu innan lánshæfismatsfyrirtækisins. Laga- og eftirlitsrammi Mexíkó inniheldur almennt bann við því að hluthafar og stjórnarmenn eigi, beint eða óbeint, hlut í metnu einingunni. Þar að auki er lánshæfismatsfyrirtækjum ekki heimilt að veita þjónustu til viðskiptavina sem eiga meira en 5% af hlutfé þeirra.
- 14) Með reglugerð (ESB) nr. 462/2013 eru innleidd ný ákvæði til að tryggja að trúnaðarupplýsingar séu aðeins notaðar í tilgangi sem tengist lánshæfismatsstarfsemi og séu verndaðar fyrir svikum, þjófnaði eða misnotkun. Í þeim tilgangi er þess krafist skv. 2. mgr. a í 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1060/2009 að lánshæfismatsfyrirtæki meðhöndli öll lánshæfismöt, matshorfur og tengdar upplýsingar sem innherjaupplýsingar þar til þær eru birtar. Laga- og eftirlitsrammi Mexíkó setur ítarlegar kröfur að því er varðar hvaða skref lánshæfismatsfyrirtæki skulu taka til að vernda trúnaðarupplýsingar um útgefendur. Þar af leiðandi er til staðar trúverðugur rammur sem verndar gegn misnotkun trúnaðarupplýsinga.

⁽³⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 462/2013 frá 21. maí 2013 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1060/2009 um lánshæfismatsfyrirtæki (Stjtið. ESB L 146, 31.5.2013, bls. 1).

- 15) Reglugerð (ESB) nr. 462/2013 miðar að því að auka gagnsæi og gæði aðferðafræði mats. Hún innleiðir í 3. mgr. I. undirþáttar D-þáttar I. viðauka reglugerðar (EB) nr. 1060/2009 skyldu lánshæfismatsfyrirtækis til að veita metinni einingu tækifæri til að tilgreina mögulegar staðreyndavillur fyrirfram áður en lánshæfismat eða matshorfur eru birtar opinberlega. Samkvæmt laga- og eftirlitsramma Mexíkó er þess krafist að lánshæfismatsfyrirtæki upplýsi metna einingu um lánshæfismat áður en það er birt. Ramminn gerir það kleift fyrir lánshæfismatsfyrirtækið og metnu eininguna að komast að samkomulagi sín á milli um hvort lánshæfismatsfyrirtæki skuli veita viðskiptavininum fyrirframtilkynningu og, ef svo er, um tímann til að setja fram athugasemdir fyrir birtingu.
- 16) Með reglugerð (ESB) nr. 462/2013 eru innleiddar verndarráðstafanir í 5. mgr. a, aa- og ab-lið 6. mgr. og 7. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 1060/2009 til að tryggja að hvers konar breytingar á matsaðferðafræði hafi ekki í för með sér vægari aðferðafræði. Samkvæmt laga- og eftirlitsramma Mexíkó er þess krafist að lánshæfismatsfyrirtæki birti á vefsetri sínu aðferðafræði og vinnulag við rannsóknir, greiningu, álitserðir, mat og athuganir á lánshæfi áður en þeim er beitt og birti upplýsingar um allar verulegar breytingar á aðferðafræði svo almennir fjárfestar hafi aðgang að þeim. Að sama skapi er þess krafist að lánshæfismatsfyrirtæki endurskoði aðferðafræði sína og líkön, þó hvorki sé skýr krafa um að haft sé samráð við markaðsaðila fyrir breytingu á aðferðafræði né að tekið sé á villum sem greinast í aðferðafræði þeirra. Ef lánshæfismatsfyrirtækið innleiðir verulegar breytingar á matsaðferðafræði skal það þó tilkynna Mexíkóska banka- og verðbréfaeftirlitinu um breytingarnar sem gerðar eru á matsaðferðafræðinni og birta þær almenningi án þess að gefa upp ástæður fyrir þeim. Ef um er að ræða breytingu á matslíkönum og -aðferðafræði lánshæfismatsfyrirtækisins skal það endurskoða öll mót sem áður hafa verið gefin út.
- 17) Með reglugerð (ESB) nr. 462/2013 eru kröfurnar varðandi framsetningu og birtingu lánshæfismata auknar. Samkvæmt 2. mgr. 8. gr. og 2. mgr. a I. undirþáttar D-þáttar I. viðauka reglugerðar (EB) nr. 1060/2009 skal lánshæfismatsfyrirtæki láta fylgja með við birtingu matsaðferðafræði, matslíkana og helstu lykilforsenda mats skýrar og auðskiljanlegar leiðbeiningar sem skýra allar forsendur, stika, takmarkanir og óvissu varðandi líkönin og matsaðferðafræðina sem beitt er í lánshæfismatsferlinu. Laga- og eftirlitsrammi Mexíkó krefst þess að lánshæfismatsfyrirtæki taki fram í lánshæfismati að það sé álit fyrirtækisins og inniheldur verndarráðstafanir til að tryggja að eingöngu upplýsingar sem skipta máli fyrir lánshæfismatið séu settar fram í lánshæfismatinu. Einnig eru kröfur til að tryggja að lánshæfismatsfyrirtæki veiti fullnægjandi leiðbeiningar til að gera notendum lánshæfismata kleift að skilja þau.
- 18) Með það að markmiði að styrkja samkeppni og takmarka hagsmunaréekstra innan lánshæfismatsfyrirtækjageirans innleiðir reglugerð (ESB) nr. 462/2013 kröfur í II. undirþátt E-þáttar I. viðauka reglugerðar (EB) nr. 1060/2009 um að gjöld sem lánshæfismatsfyrirtæki innheimta fyrir lánshæfismót og viðbótarþjónustu ættu að vera án mismununar og á grundvelli raunverulegs kostnaðar. Það krefst þess að lánshæfismatsfyrirtæki birti tilteknar fjárhagsupplýsingar. Laga- og eftirlitsrammi Mexíkó krefst þess að lánshæfismatsfyrirtæki afhendi Mexíkóska banka- og verðbréfaeftirlitinu gögn um gjöld sem innheimt eru af einstökum viðskiptavinum þar sem tekjur af hverjum og einum þeirra eru teknar fram og veittar upplýsingar um alla þjónustu sem veitt var hverjum og einum þeirra á næstliðnu ári. Lánshæfismatsfyrirtæki skulu birta opinberlega upplýsingar um hvort þau hafa innheimt, frá sömu metnu einingunni, gjöld fyrir aðra þjónustu en matsþjónustu og í hvaða hlutfalli þau voru í samanburði við gjöldin fyrir matsþjónustuna. Þar að auki er almenn krafa um að Mexíkóska banka- og verðbréfaeftirlitið ábyrgist sanngjarna meðferð allra viðskiptavina lánshæfismatsfyrirtækja.
- 19) Meðalhófsreglan og áhættumiðuð nálgun eru leiðarljós framkvæmdastjórnarinnar við mat á reglukerfi þriðja lands. Í ljósi þeirra þátta sem rannsakadir eru uppfyllir laga- og eftirlitsrammi Mexíkó fyrir lánshæfismatsfyrirtæki skilyrðin sem mælt er fyrir um í annarri undirgrein 6. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1060/2009 og ætti áfram að teljast jafngilda laga- og eftirlitsfyrirkomulaginu sem komið er á með þeirri reglugerð.
- 20) Vegna réttarvissu ætti að samþykkja nýja framkvæmdarákvörðun og því ætti að fella niður framkvæmdarákvörðun 2014/247/ESB.
- 21) Framkvæmdastjórnin ætti, með aðstoð Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar, að halda áfram að fylgjast reglulega með þróun fyrirkomulags laga og eftirlits sem gildir um lánshæfismatsfyrirtæki, markaðsþróun og skilvirknir eftirlitssamstarfs í tengslum við eftirlit og framfylgd í Mexíkó til að tryggja viðvarandi reglufylgni.
- 22) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit evrópsku verðbréfanefndarinnar.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Að því er varðar 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1060/2009 skal telja laga- og eftirlitsramma Mexíkó vegna lánsþæfismatsfyrirtækja jafngildan kröfunum í reglugerð (EB) nr. 1060/2009.

2. gr.

Framkvæmdarákvörðun 2014/247/ESB er felld úr gildi.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 29. júlí 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.
